



# Áherslur á Lyngbjalla í janúar

Minnum foreldra á að kynna sér viðburðadagatal janúar-mánaðar á heimasíðu leikskólans.

## Sköpun og menning

Við ætlum að vinna með leir, málningu, vatnsliti, hljóðfæri og margt fleira, bæði í listasmiðju og inni á deild.

## Læsi og samskipti

Nú á nýju ári höldum áfram að æfa okkur í notkun orða sem tengjast orðaforða-verkefninu okkar: Í janúar hefst nýtt þema: *Umhverfið mitt - Bærinn minn, heimilið, skólastofan, landið/löndin mín, störf.*



*Lubbi finnur málbein*

Við vinnum áfram með fyrri málhljóð en bætum við mál-hljóðunum Vv og Íí/Ýý.



## Sjálfbærni og vísindi

Við grípum tækifærin sem gefast dag frá degi og vinnum með veðurfar, veltum vöngum og gerum tilraunir. Við ræðum einnig um það sem við hendum og skoðum leiðir til að nýta t.d. pappírinn okkar betur.

## Heilbrigði og vellíðan

Við förum í íþróttir í íþróttasalnum. Inni á deild leikum við okkur með bolta, æfum jafnvægi og leikum okkur á dýnum.

***Viðburðir í janúar***

- 5. Davíð Bjartur 3 ára
- 14. Skipulagsdagur
- 22. Pabba og afa dagur
- 24. Þorrablót

***Minnum á mikilvægi þess að foreldrar lesi fyrir börnin sín.***

VIRÐING – UMHYGGJA – SAMVINNA – GLEÐI